

Til bæjarstjórnar Garðabæjar

Almar Guðmundsson

Björg Fenger

Sigríður Hulda Jónsdóttir

Margrét Bjarnadóttir

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Gunnar Valur Gíslason

Guðfinnur Sigurvinsson

Þorbjörg Þorvaldsdóttir

Ingvar Arnarson

Sara Dögg Svanhildardóttir

Brynja Dan Gunnarsdóttir

Reykjavík, 23.júní 2022

Efni:

Efnislosun og skiplag á Álftanesi – verðmætri náttúru ógnað

Ágæta bæjarstjórn

Landvernd og Fuglavernd hafa ítrekað gert athugasemdir við efnislosun í Glerhallardý á Álftanesi. Eftir því sem samtökin hafa komst næst er ekkert deiliskipulag í gildi fyrir viðkomandi svæði en í aðalskipulagi er það skilgreint sem íþróttarsvæði. Ítrekað hefur verið bent á að óljóst er hvaða heimildir eru fyrir þeirri jarðvegslosun sem þar fer fram og mikilvægt að fá úr því skorið af þar til bærum aðilum. Ekki eru merkingar á svæðinu sem benda til þess að það sé skilgreint sem jarðvegstíppur. Jarvegslosun á svæðinu fer vaxandi með degi hverjum og nálgast bakka Bessastaðatjarnar, eins og meðfylgjandi myndir sýna.

Sú vafasama jarðvegslosun sem nú er í gangi í Glerhallardý á varptíma fugla er alvarlegt og óhuggulegt inngrip í náttúru svæðisins. Ef fram verður haldið sem horfir mun þrengja mjög að fuglalífi við Bessastaðatjörn, en úttekt á því sýnir að það er mikið og vermætt. Svæðið eins og það er í dag hefur einnig mikið „upplifunargildi“ fyrir bæði íbúa og gesti.

Eins og áður hefur komið fram telja bæði Landvernd og Fuglavernd að vernda beri Bessastaðastjörn sem heild sem og bakka hennar.

Garðabær hefur oft sýnt ágætis viðleitni í náttúruvernd. Þá er á Álftanesi nægt landrými til að aðlagla landnýtingu náttúrfari og fuglalífi. Ljóst er að eignarhaldið á landi gerir öll nýtingaráform flókin og tímafrek. En það má ekki hindra bæjaryfirvöld að skipuleggja í sem mestri sátt við náttúru svæðisins, sem er mögð.

Við hvetjum nýkjörna bæjarstjórn Garðabæ að endurskoða skipulagsáform á framangreindu svæði með náttúruvernd að leiðarljósi, stöðva nú þegar jarðvegslosun þar, og skilgreina a.m.k. 100 metra griðasvæði fugla frá bökkum Bessastaðartjarnar.

Með vinsemd og virðingu,

*Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fuglaverndar*





